

## **Umsögn dómnefndar**

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst  
var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 11. mars 2022**

**Reykjavík, 27. maí 2022**

## EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur .....	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á .....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur .....	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	14
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi .....	14
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	15
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður.....	16
5.3.1. Reynsla af dómstörfum .....	16
5.3.1. Reynsla af dómstörfum - samanburður .....	17
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum .....	18
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum - samanburður.....	19
5.5. Reynsla af stjórnslustörfum .....	19
5.5.1. Reynsla af stjórnslustörfum - samanburður .....	21
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl. ....	22
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	22
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf - samanburður .....	23
5.6.2. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl.....	23
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl. - samanburður.....	24
5.7. Reynsla af stjórnun .....	25
5.7.1. Reynsla af stjórnun - samanburður.....	26
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. ....	26
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. - samanburður	28
5.9. Sérstök starfshæfni.....	28

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu .....	28
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	29
6. Færni umsækjenda til að semja dóma .....	29
7. Niðurstaða dómnefndar .....	32

## **1. Umsækjendur**

Með bréfi 1. apríl 2022 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 11. mars 2022 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari, Hildur Briem héraðsdómari, Jónas Friðrik Jónsson lögmaður, Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari, Kristinn Halldórsson héraðsdómari, Pétur Dam Leifsson héraðsdómari og Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari. Hinn 20. maí 2022 dró Pétur Dam umsókn sína til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Págildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa

yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður

að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnáráðslögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

### 3. Um málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð máls þessa: Eiríkur Tómasson, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediksdóttir, Óskar Sigurðsson og Þorgeir Örlygsson. Hinn 5. apríl 2022 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 5. apríl 2022. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 11. mars 2022 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við endanlegt mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 11. og 12. maí 2022.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 20. maí 2022, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 25. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá þremur umsækjendum, en nánast engar breytingar voru gerðar á drögunum ef frá eru taldar þær, sem gerðar voru vegna þess að einn af þeim, sem upphaflega sóttu um umrætt embætti, dró sem fyrr greinir umsókn sína til baka.

#### 4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

**Arnaldur Hjartarson** er fæddur 30. júní 1983 og er því 38 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2008. Þá lauk hann LL.M.-námi frá Yale Law School í maí 2013 með tveimur viðbótar námskeiðum. Auk þess hefur hann sótt eitt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og ýmis námskeið um lögfræðileg efni hérlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2008. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á LEX lögmannsstofu fram í janúar 2009. Þá starfaði hann í rúmt ár hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna en hóf störf á lánasviði Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2010. Í rúmt ár, frá apríl 2011 til maí 2012, starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands en hóf þá störf sem starfsnemi við EFTA-dómstólinn. Í júlí 2013 tók hann við starfi yfirlögfræðings Bankasýslu ríkisins þar sem hann starfaði í tvö ár. Frá 16. september 2013 til 1. janúar 2014 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og var starfshlutfall hans hjá Bankasýslunni minna á meðan. Umsækjandinn hefur annast stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá nóvember 2009 og varð adjúntkt við deildina 1. júlí 2013. Í upphafi árs 2014 tók hann við starfi sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands og gegndi því fram á vor 2016, þar af í 50% starfshlutfalli frá 1. september 2015. Frá vori 2016 hefur hann gegnt starfi adjúnkts II við lagadeild Háskóla Íslands í 25% starfi. Hann hefur aðallega kennt fjármálarétt, fjármunarétt og Evrópurétt. Þá hefur hann leiðbeint nemendum við skrif BA- og meistaranámsritgerða. Auk þess sinnti hann stundakennslu við Háskólann á Bifröst haustið 2011, var gestakennari við Ohio Northern University í janúar 2015 og hefur kennt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Frá september 2015 til febrúar 2018 starfaði hann sem aðstoðarmaður



dómara við EFTA-dómstólinn en í febrúar 2018 var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem hann starfar í dag. Frá apríl 2019 og fram á haust 2020 starfaði hann þó við Héraðsdóm Reykjaness. Hann gegndi stöðu fræðilegs ritstjóra Fons Juris frá apríl 2017 til desember 2019. Frá október 2018 til loka árs 2020 var hann formaður kærunefndar jafnréttismála. Umsækjandinn ritaði bókina *Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt* sem er ritrýnd. Hann hefur skrifað átta fræðigreinar og þrjá bókakafla ýmist einn eða með öðrum, þar af eru tíu ritrýndar. Eru fræðiskrifin einkum á sviði fjármálaréttar og ESB/EES-réttar, auk stjórnslu-réttar, réttarfars, mannréttinda og réttarhagfræði. Þá hefur hann ritað eina álitserð. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann samdi drög að stöðluðum skilmálum fyrir íslenska skuldabréfamarkaðinn fyrir Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands og hefur veitt ýmsum aðilum sérfræðiráðgjöf. Umsækjandinn sat í viðurlaganefnd Kauphallar NASDAQ OMX Iceland hf. frá maí 2015 til janúar 2019, upphaflega sem varamaður en sem aðalmaður frá mars 2017. Í desember 2016 stóð hann, ásamt öðrum, að stofnun Réttarhagfræðifélags Íslands og situr hann í stjórn félagsins. Þá hefur hann verið skipaður í tvær nefndir sem falið var að semja lagafrumvörp og sat hann í þriggja manna sérfræðingahópi stjórnarskrárnefndar 2015. Hann hefur setið sem varamaður í stjórn dómstólasýslunnar frá maí 2019 og í stjórn Dómarafélags Íslands frá nóvember 2021.

**Ásgerður Ragnarsdóttir** er fædd 7. október 1979 og er því 42 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og LL.M.-námi við Cambridge-háskóla í júní 2008. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún árið 2005 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2016. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá júní 2004 til desember 2005. Frá þeim tíma til ágúst 2007 og aftur frá júlí 2008 til september sama ár starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Frá september 2008 til byrjun árs 2018 starfaði umsækjandinn sem lögmaður á LEX lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi frá janúar 2012. Í janúar 2018 var hún skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur gegnt því starfi síðan þá auk þess að hafa verið forseti Félagsdóms frá september 2021.

Hún hefur setið sem varadómari í Landsrétti í fjórum málum og einu sinni verið skipuð gerðardómari í máli hjá Gerðardómi Viðskiparáðs Íslands en því máli er ólokið. Umsækjandinn hefur verið varamaður í óbyggðanefnd frá apríl 2021 og tekið þátt í þremur málum. Hún sat í kæruneftnd útboðsmála árin 2013-2021, þar af sem formaður frá apríl 2019, var varamaður í úrskurðarneftnd velferðamála 2016-2020 og í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 til loka árs 2017. Hún sat í siðareglunefnd Lögmannafélags Íslands frá maí 2016 til janúar 2018. Auk þessa var hún ritari nefndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum árin 2004-2006, ritari kæruneftndar útboðsmála árin 2005-2007, ritari refsiréttarneftndar árin 2006-2007 og sat í endurupptökunefnd í tæpt ár 2016-2017. Umsækjandinn hefur verið aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands frá febrúar 2017 en þar á undan hafði hún sinnt stundakennslu við deildina frá árinu 2009. Kennslugreinar eru m.a. eignaréttur, mannréttindi, réttarfar og stjórnskipunarréttur. Hún hafði umsjón með ritun BA-ritgerða við sama skóla frá 2006-2012, hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og kennt á námskeiðum vegum Lögmannafélags Íslands og dómstólasýslunnar. Umsækjandinn ritaði bókina *Eignarnám* ásamt öðrum sem er ritrýnd. Hún hefur skrifað einn ritrýndan bókarkafla og fimm ritrýndar fræðigreinar sem hún ritaði með öðrum. Þá hefur hún ritað óritrýnda bókarkafla í alþjóðlegu riti í eigna- og umhverfisirétti og tvær fræðigreinar, en önnur þeirra er rituð ásamt öðrum. Eru þessi fræðiskrif einkum á sviði eignarréttar, auk umhverfisiréttar og réttarfars. Að auki hefur hún ritað eina álitgerð sem var birt. Hún hefur flutt nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi. Umsækjandinn sat í ritstjórn tímaritsins *Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu 2013-2017*, ritneftnd *Afmælisrits Hæstaréttar* frá lokum árs 2016 til 2021, ritrýnineftnd vefrits *Úlfljóts* 2017-2020 og hefur setið í fræðilegri ritstjórn *Úlfljóts* frá febrúar 2020. Auk þess situr hún í starfshópi á vegum dómismálaráðuneytisins sem ætlað er að vinna tillögu að frumvarpi til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms.

*Hildur Briem* er fædd 14. júlí 1973 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2000 og LLN-námi í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi í júní 2005. Hún lauk jafnframt viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu í febrúar 2022. Árið 2004 sat hún námskeið í refsirétti við Kaupmanna-

hafnarháskóla, án próftöku. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík á ákærusviði embættisins. Hún hóf störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar til vors 2008, er hún varð aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september 2011. Í október það ár var hún skipuð í embætti héraðsdómara og dómstjóra við Héraðsdóm Austurlands. Í byrjun árs 2018 fluttist hún í Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur verið dómari þar síðan fyrir utan að hún var settur dómstjóri í maímánuði 2020 við Héraðsdóms Austurlands og settur landsréttardómari 11. janúar til 30. júní 2021. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fjórum málum. Á árunum 2006-2010 sinnti hún stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands og kenndi skaðabótarétt á námskeiði fyrir verkstjórnendur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands 2008. Þá hefur hún haldið tvö erindi fræðilegs eðlis á sviði sakamálaréttarfars. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013-2017 og var varamaður í dómstólaráði árið 2017. Hún hefur frá maí 2019 verið fulltrúi íslenskra dómara í stjórn SEND (Samarbetsorganet för Efterutbildning av Nordens domare). Þá hefur hún setið í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi frá ársbyrjun 2016, var settur formaður kærunefndar jafnréttismála í einu máli á árinu 2016 og var varamaður í kærunefnd útboðsmála frá apríl 2019 til maí 2021, þar sem hún tók sæti í nokkrum málum.

*Jónas Friðrik Jónasson* er fæddur 10. nóvember 1966 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands í febrúar 1992 og LL.M.-námi við Cambridge-háskóla í júní 1996. Hann lauk MBA námi frá Vlerick Leuven Gent Management School í Belgíu í júlí 2003 og prófi sem verðbréfamíðlari 1994. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands 2018. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem lögfræðingur hjá Verslunarráði Íslands og sem aðstoðarframkvæmdastjóri 1996-1998. Hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra Innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA á árunum 2000-2005 og var forstjóri Fjármálaeftirlitsins á árunum 2005-2009. Frá árinu 2010 hefur hann rekið sína eigin lögmannsstofu. Hann hefur verið varamaður í Félagsdómi frá hausti 2020 og frá þeim

tíma setið í átta málum. Umsækjandinn sinnti stundakennslu við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á árunum 2004-2018. Annars vegar kenndi hann í grunnnámi hluta af námskeiðinu „Ísland og Evrópusambandið“ á árunum 2004-2008 og hins vegar námskeiðið „Business Law“ fyrir MBA nemendur á árunum 2005-2018. Þá hefur hann leiðbeint nemendum við lagadeild Háskólans í Reykjavík við skrif BA- og meistaranámsritgerða. Umsækjandinn hefur ritað tvær greinar um lögfræði á sviði fjármálaréttar og refsiréttar en hvorug þeirra er ritrýnd. Hann hefur jafnframt ritað styttri greinar um lögfræðileg málefni á sviði viðskipta og var meðhöfundur skýrslu sem fjallaði um breytingar á regluverki fjármálamarkaða á árunum 2008-2016. Umsækjandinn var stjórnarformaður Keldunnar ehf. 2010-2013, stjórnarformaður Lánasjóðs íslenskra námsmana 2013-2017 og hefur verið stjórnarformaður Alfreds ehf. frá því síðla árs 2019. Auk þess hefur hann setið í þremur nefndum sem sömdu lagafrumvörp og var hann formaður í einni þeirra. Þá hefur hann verið formaður laganefndar Hundaræktarfélagss Íslands.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* er fæddur 9. júlí 1976 og er því 45 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2002 og LL.M-námi í stjórnskipunar- og Evrópurétti við London School of Economics and Political Science árið 2006. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 2003. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið í lögfræði hérlendis og erlendis. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis til september 2005 og síðar sem aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis frá október 2006 til febrúar 2009. Frá þeim tíma og til júlí 2015 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 30. apríl 2015 og varaforseti Félagsdóms 1. nóvember 2019. Umsækjandinn var frá 7. júlí 2016 til 1. apríl 2017 formaður rannsóknarnefndar Alþingis vegna þátttöku Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands árið 2003, en nefndin skilaði skýrslu 29. mars 2017. Þá var hann settur umboðsmaður Alþingis frá 1. nóvember 2020 til 1. maí 2021. Umsækjandinn hefur sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2003 í stjórnsýslurétti, starfsmannarétti og alþjóðlegum skattarétti auk þess sem hann sinnti stundakennslu við Háskólann á Bifröst á árunum 2005-2009 í stjórnsýslurétti, evrópskum féлага- og skattarétti,

alþjóðlegum skattarétti og refsirétti. Frá ársbyrjun 2015 gegndi hann starfi sérfræðings í hlutastarfi í stjórnarsýslurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hlaut framgang í starf dósents í september 2016 sem hann gegndi til 31. janúar 2018. Hann hefur sinnt kennslu á fjölda styttri námskeiða, m.a. í stjórnarsýslurétti, réttarfari, persónuverndarétti og EES-rétti. Umsækjandinn hefur ritað þrjá ritrýnda bókakafla, þar af birtist einn þeirra erlendis, sex ritrýndar fræðigreinar og tvær óritrýndar, einkum á sviði stjórnarsýslu- og upplýsingaréttar, mannréttinda og EES-réttar. Einnig hefur hann ásamt öðrum samið rit sem notað er við kennslu á háskólastigi. Jafnframt getur hann um 13 fyrirlestra og erindi sem hann hefur flutt hérlendis og erlendis um lögfræðileg efni. Þá hefur hann ritað allnokkrar álitargerðir og skýrslur fyrir stjórnvöld og Alþingi. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur verið varaformaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 2017 og sem aðalmaður frá árinu 2019. Hann var kjörinn í stjórn Dómarafélags Ísland á árinu 2017 og var frá þeim tíma varaformaður félagsins. Hann var kjörinn formaður félagsins í nóvember 2019. Þá var hann kjörinn í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árinu 2019 og endurkjörinn á árinu 2020. Frá árinu 2019 er hann framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga. Hann hefur einu sinni tekið sæti í gerðardómi Innheimtumiðstöðvar rétthafa og var formaður sjálfstæðrar úttektarnefndar Íþróttá- og ólympíusambands Íslands 22. september 2021 til 7. desember sama ár en nefndin skilaði skýrslu um niðurstöður sínar.

*Kristinn Halldórsson* er fæddur 22. maí 1972 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1997. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi og var hann staðgengill sýslumanns frá og með febrúar 1998 uns hann hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í september 1999. Hann var í þrígang settur héraðsdómari, frá 1. september 2003 til 30. nóvember sama ár, frá 18. október 2004 til 28. febrúar 2005 og frá 1. september 2005 til 1. febrúar 2006. Í janúar 2004 hóf hann störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands þar sem hann starfaði til september 2007. Á þeim tíma var hann í þrígang settur dómstjóri, frá 1. maí 2007 til 31. júlí sama ár, frá 15. mars 2006 til 15. júní sama ár og frá 27. nóvember 2006 til 31. mars 2007. Umsækjandinn var

skipaður héraðsdómari og dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða í september 2007. Því starfi gegndi hann til september 2013 er hann hóf störf sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Þar hefur hann verið dómstjóri frá september 2020. Hann hefur verið settur dómari við Landsrétt frá apríl 2022 en hafði áður tekið fjórum sinnum sæti sem varadómari í réttinum til að leysa þar úr einstökum málum. Á árinu 2021 sat umsækjandinn sem varadómari í Landsrétti í fjórum málum. Vorið 2004 og haustið 2005 hélt hann fyrirlestra um aðilaskipti að kröfuréttindum við Háskólann á Bifröst. Hann var formaður göngunefndar Skíðafélags Ísfirðinga í tvö ár og sat í stjórn Skíðagöngufélagsins Ulls árin 2014-2018.

*Ragnheiður Snorradóttir* er fædd 21. júlí 1965 og er því 56 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993 og meistaraprófi í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School) 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árórsarháskóla í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til 1994. Á árunum 1994-2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Árin 2007-2010 var hún nefndarmaður að aðalstarfi í yfirskattanefnd. Hún hóf störf á lögmannsstofu 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind stjórnarsýslustörf gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Á árunum 2005-2010 var umsækjandinn stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst, á árunum 2009-2013 stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og 2017 og 2019 í réttarfari við sömu deild. Á árinu 2022 sinnti hún aftur stundakennslu í alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur samið ritið, *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur* ásamt öðrum, en það hefur verið endurútfært og uppfært undir nýju heiti, *Alþjóðlegur skattaréttur*, jafnframt sem þriðji höfundurinn hefur bæst við. Þá

hefur hún ritað fjórar fræðigreinar, en bæði ritin og þrjár greinanna eru ritrýndar. Ein greinanna er rituð með rannsóknarstyrk frá Norræna skattrannsóknaráðinu. Þá er fræðigreinin sem er óritrýnd rituð með öðrum. Af öðrum aukastörfum umsækjandans má nefna að hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara á árunum 1998-2002, formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013 og átti sæti í Norræna skattrannsóknaráðinu 1999-2007. Þá samdi hún á árinu 2008, ásamt öðrum nefndarmanni í yfirs kattane fnd, frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

## 5. Mat á hæfni umsækjenda

### 5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti landsréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölul., hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul., hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölul. og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölul. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfs-

menn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

#### *5.2. Menntun og framhaldsmenntun*

*Arnaldur Hjartarson* lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Á árinu 2013 lauk hann meistaraprófi (LL.M) í lögum frá Yale háskóla í Bandaríkjunum.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og á árinu 2008 meistaraprófi (LL.M) í lögum frá Cambridge háskóla á Englandi.

*Hildur Briem* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og á árinu 2005 meistaraprófi (LL.M) í Evrópurétti frá Lúndarháskóla í Svíþjóð. Þá sat hún námskeið í refsirétti við Kaupmannahafnarháskóla 2004 án próftöku og lauk fyrr á þessu ári diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

*Jónas Friðrik Jónsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Á árinu 1996 lauk hann meistaraprófi (LL.M) í lögum frá Cambridge háskóla á Englandi og 2003 meistaraprófi í hagfræði, stjórnun og skyldum greinum frá Vlerick Leuven Ghent Management School í Belgíu. Þá lauk hann 1994 prófi í verðbréfamíðlun.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2002 og á árinu 2006 meistaraprófi í Evrópurétti og stjórn skipunarrétti frá London School of Economics and Political Science á Englandi.

*Kristinn Halldórsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1997.

*Ragnheiður Snorradóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og á árinu 2007 meistaraprófi (LL.M) í skattarétti frá Copenhagen Business



School í Danmörku. Þá sótti hún árið 2012 námskeið í þremur greinum lögfræði við Árósaháskóla án próftöku.

#### 5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Jónas Friðrik* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Hann hefur lokið meistaraprófi í lögum frá erlendum háskóla að loknu embættisprófi frá Háskóla Íslands, auk þess sem hann hefur þreytt meistarapróf í greinum, skyldum lögfræði, á háskólastigi. Næstar fylgja jafnt settar *Hildur* og *Ragnheiður* sem lokið hafa meistaraprófi í lögum frá erlendum háskólum að loknu embættisprófi, auk þess að hafa lagt stund á frekara nám á háskólastigi. Síðan jafnt sett *Arnaldur*, *Ásgerður* og *Kjartan Bjarni* sem öll hafa lokið meistaraprófi í lögum að loknu embættis- eða meistaraprófi í lögfræði. Loks *Kristinn* sem ekki hefur lagt stund á frekara nám en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur stutt lögfræðinámskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi.

#### 5.3.1. Reynsla af dómstörfum

*Arnaldur Hjartarson* var aðstoðarmaður hæstaréttardómara um eins árs skeið og aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í tæp þrjú ár. Haustið 2013 var hann settur héraðsdómari í þrjá og hálfan mánuð og síðar skipaður í það embætti í ársbyrjun 2018. Hann hefur því samtals verið héraðsdómari í rúmlega fjögur og hálf ár.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í alls tvö ár. Hún var skipuð héraðsdómari í ársbyrjun 2018 og hefur þar af leiðandi gegnt því embætti í tæp fjögur og hálf ár. Frá hausti 2021 hefur hún verið forseti Félagsdóms. Þá hefur hún fjórum sinnum tekið sæti sem varadómari í Landsrétti til að leysa þar úr einstökum málum.

*Hildur Briem* var aðstoðarmaður héraðsdómara í rúm þrjú ár. Hún var skipuð héraðsdómari haustið 2011 og hefur gegnt því embætti í rúmlega níu og hálf ár, m.a. að teknu tilliti til þess að hún var settur dómari við Landsrétt í tæpa sex mánuði. Þá hefur hún fjórum sinnum tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti til að leysa þar úr einstökum málum.

*Jónas Friðrik Jónsson* hefur verið varadómari í Félagsdómi frá hausti 2020 og tekið frá þeim tíma sæti í dóminum í átta málum.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* var aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í tæp sex og hálf ár. Hann var skipaður héraðsdómari vorið 2015 og hefur gegnt því embætti í liðlega sex ár, að teknu tilliti til þess tíma sem hann hefur verið í leyfi frá dómstörfum til að sinna öðrum störfum. Frá hausti 2019 hefur hann verið varaforseti Félagsdóms og tekið sæti í dóminum í fimm málum.

*Kristinn Halldórsson* var aðstoðarmaður héraðsdómara samtals um sex ára skeið. Á árunum 2003-2007 var hann í sex skipti settur héraðsdómari í samtals tæp tvö ár og síðar skipaður í það embætti haustið 2007. Hann hefur því alls verið héraðsdómari í um 16 og hálf ár. Þá var hann í byrjun apríl 2022 settur dómari við Landsrétt, en hafði áður tekið fjórum sinnum sæti sem varadómari í réttinum til að leysa þar úr einstökum málum.

*Ragnheiður Snorradóttir* var skipuð héraðsdómari í ársbyrjun 2013 og hefur þar af leiðandi gegnt því embætti í tæplega níu og hálf ár.

### 5.3.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa sex umsækjenda reynslu af því að hafa verið héraðsdómarar, en þrír þeirra hafa að auki komið að dómstörfum í Hæstarétti og Landsrétti. Þá hafa þrír umsækjenda verið dómarar í Félagsdómi. Við mat á hæfni að því er þennan þátt varðar vegur þessi reynsla eðlilega þyngst og skiptir þar m.a. máli hvort umsækjandi hefur fengist jöfnum höndum við einkamál og sakamál. Störf aðstoðarmanna dómara hafa eðli máls samkvæmt minna vægi, ekki síst ef nokkuð langt er um liðið síðan þau voru innt af hendi.

Að öllu þessu virtu stendur *Kristinn* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann á að baki langan og fjölbreyttan dómaraferil þar sem hann hefur fengist jafnt við einkamál sem sakamál. Samtals hefur hann gegnt embætti héraðsdómara í um 16 og hálf ár auk þess að hafa komið að dómstörfum í Landsrétti. Áður hafði hann verið aðstoðarmaður héraðsdómara um sex ára skeið. Næst honum kemur *Hildur* sem hefur verið héraðsdómari í rúmlega níu og hálf ár, sett dómari við Landsrétt í tæpa sex mánuði, komið að dómstörfum í Hæstarétti og verið aðstoðarmaður héraðsdómara í

rúm þrjú ár. Þar á eftir fylgja jafnt sett *Kjartan Bjarni* og *Ragnheiður*, þá jafnt sett *Arnaldur* og *Ásgerður* og loks *Jónas Friðrik*, en reynsla hans á þessu sviði er óveruleg í samanburði við aðra umsækjendur.

#### *5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

*Arnaldur Hjartarson* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2008. Á árunum 2008-2009 starfaði hann í rúmlega hálfu ári sem fulltrúi og síðar lögmaður á lögmannsstofu þar sem hann flutti m.a. nokkur mál fyrir héraðsdómi um formhlið þeirra.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2005 og fyrir Hæstarétti 2016. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu á árunum 2008-2018 eða í tæp níu og hálfu ári, þar af sem meðeigandi á stofunni 2012-2018. Á þeim tíma flutti hún fjölmörg mál af ólíkum réttarsviðum í héraði og fyrir Hæstarétti.

*Hildur Briem* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001. Á árunum 2000-2005 starfaði hún samtals í rúmlega þrjú og hálfu ári sem fulltrúi á ákærusviði hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík þar sem hún flutti m.a. mál fyrir héraðsdómi.

*Jónas Friðrik Jónsson* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti 2018. Frá árinu 2010 hefur hann rekið eigin lögmannsstofu og því starfað sem lögmaður í um 12 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt nokkur mál af ólíkum réttarsviðum fyrir dómi á öllum dómstigum.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2003 en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

*Kristinn Halldórsson* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001. Á árunum 1997-1999 starfaði hann í tæp tvö og hálfu ári sem fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi þar sem hann flutti m.a. sakamál fyrir héraðsdómi.

*Ragnheiður Snorradóttir* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Á árunum 2010-2013 starfaði hún í tæp tvö og hálfu ári sem lögmaður á lögmannsstofu þar sem hún flutti m.a. tvö mál fyrir héraðsdómi.

#### 5.4.1. *Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum – samanburður*

Sex umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflytningisstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er lítið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, þ. á m. haft réttindi til flytninga mála fyrir æðri dómi, eða sem sækjendur í sakamálum, en þar sem endranær vega fyrstu árin í starfi þyngst. Einnig er horft til þess hversu mörg mál umsækjendur hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmennt, hafi verið yfirgripsmikil og flókin úrlausnar. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats. Loks er höfð hliðsjón af því við mat á málflytningareynslu umsækjenda hvort störfin, sem um er að ræða, feli jafnframt í sér stjórnáslureynslu sem fellur undir kafla 5.5.

Samkvæmt öllu framansögðu standa *Ásgerður* og *Jónas Friðrik* fremst umsækjenda í þessum matsþætti og verður ekki gert upp á milli lögmanns- og málflytningareynslu þeirra. Hefur hann starfað sem lögmaður í um 12 ár og hún í tæp níu og hálf og var um árabíl einn af eigendum stórrar lögmannsstofu og flutti mörg mál fyrir dómi, þ. á m. Hæstarétti, sem mörg hver voru flókin úrlausnar og yfirgripsmikil. Á eftir þeim kemur *Ragnheiður*, þá *Hildur*, síðan *Kristinn* og loks *Arnaldur*, en málflytningareynsla þeirra fjögurra er takmörkuð. *Kjartan Bjarni* hefur sem fyrr segir ekki fengist við lögmanns- eða málflytningisstörf.

#### 5.5. *Reynsla af stjórnáslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnáslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Arnaldur Hjartarson* starfaði á árunum 2009-2010 í liðlega eitt ár sem lögfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna. Einnig í rúmlega eitt ár á lánasviði Fjármálaeftirlitsins 2010-2011. Árin 2013-2015 var hann tæp tvö ár yfirlögfræðingur Bankasýslu ríkisins, þar af hluta þess tíma í hlutastarfi. Þá á

ætti hann sæti í viðurlaganefnd Kauphallarinnar 2017-2019 og var formaður kærunefndar jafnréttismála 2018-2021.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* starfaði á árunum 2004-2005 í um eitt og hálf ár sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hún átti sæti í kærunefnd útboðsmála á árabílinu 2013-2021, þar af sem formaður nefndarinnar 2019-2021, í endurupptökunefnd 2016-2017 og tók sem varamaður í óbyggðanefnd sæti þar í þremur málum.

*Hildur Briem* var á árunum 2000-2005 í rúmlega þrjú og hálf ár fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík. Þá starfaði hún í um tvö og hálf ár sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis 2005-2008. Auk þessa hefur hún frá 2016 átt sæti í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi og var 2019-2021 varamaður í kærunefnd útboðsmála þar sem hún tók sæti í nokkrum málum.

*Jónas Friðrik Jónsson* var um fimm ára skeið, á árunum 2000-2005, framkvæmdastjóri Innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA. Hann var forstjóri Fjármálaeftirlitsins í um fjögur ár 2005-2009. Þá var hann formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2013-2017.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* starfaði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 2002-2005 í tæp þrjú og hálf ár og gegndi síðan starfi aðstoðarmanns umboðsmanns í tæp tvö og hálf ár 2006-2009. Hann var 2016-2017 formaður rannsóknarnefndar Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka þátttöku erlends banka í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. á sínum tíma. Þá var hann um sex mánaða skeið settur umboðsmaður Alþingis á árunum 2020-2021. Ennfremur var hann 2017-2019 varaformaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál og tók þá sæti í nefndinni í forföllum formanns við afgreiðslu fjölmargra mála, en frá 2019 hefur hann verið varaformaður nefndarinnar með fast sæti í henni. Loks hefur hann annast tvær viðamiklar úttektir á starfsemi barnaverndaryfirvalda að beiðni velferðarráðuneytisins og barnaverndarstofu.

*Kristinn Halldórsson* var á árunum 1997-1999 í tæp tvö og hálf ár fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi.

*Ragnheiður Snorradóttir* starfaði í tæp tvö ár á árunum 1993-1994 sem lögfræðingur hjá skattstjóranum í Reykjavík. Einnig um fjögurra ára skeið í

fjármálaráðuneytinu 1994-1998 uns hún varð staðgengill skrifstofustjóra þar, en því starfi gegndi hún til ársins 2007 eða í um níu ár. Hún átti sæti í yfirskattanefnd þar sem hún starfaði í fullu starfi í tæp þrjú ár 2007-2010. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar raforkumála 2011-2013.

#### 5.5.1. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnarsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir ennfremur máli hvort störfin nýtist dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Undir þetta fellur einnig að hafa starfað sem umboðsmaður Alþingis eða hafa veitt umboðsmanni aðstoð við samningu álita hans. Störf þeirra, sem fást við að taka ákvörðun um saksókn, eru í eðli sínu stjórnarsýslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau fela einnig í sér málflutning fyrir dómi sem fellur undir kafla 5.4. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að öllu þessu virtu stendur *Kjartan Bjarni* fremstur umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hann hefur verið settur umboðsmaður Alþingis um sex mánaða skeið þar sem hann afgreiddi mikinn fjölda mála af ólíkum toga, en hann hafði áður verið lögfræðingur og síðar aðstoðarmaður umboðsmanns í nærfellt sex ár. Þá gegndi hann formennsku í rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði með höndum rannsókn á vandasömu máli. Næstur honum kemur *Ragnheiður* sem starfaði m.a. sem lögfræðingur og síðar staðgengill skrifstofustjóra í ráðuneyti í um 13 ár og átti sæti í yfirskattanefnd í tæp þrjú ár. Hún fékkst við fleiri en eitt réttarsvið þann tíma, sem hún starfaði í stjórnarsýslunni, en stjórnarsýslureynsla hennar er einkum bundin við að hafa leyst úr álitaeftum á sviði skattaréttar. Á eftir þeim tveimur fylgir *Jónas Friðrik* sem var forstjóri Fjármálaeftirlitsins um fjögurra ára skeið eftir að hafa gegnt starfi

framkvæmdastjóra hjá Eftirlitsstofnun EFTA í um fimm ár. Þar á eftir kemur *Arnaldur*, þá *Hildur*, síðan *Ásgerður* og loks *Kristinn*.

## 5.6. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

### 5.6.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Arnaldur Hjartarson* var, samhliða öðrum störfum, sérfræðingur hjá Laga- stofnun Háskóla Íslands á árunum 2014-2016. Hann hefur sinnt stundakennslu við lagadeild skólans frá 2009 og hafa aðalkennslugreinar hans verið fjármálaréttur, fjármunaréttur og Evrópuréttur. Jafnframt hefur hann leiðbeint nemendum við skrif BA-ritgerða og meistararitgerða. Frá 2016 hefur hann verið aðjúnkt við deildina. Auk þessa hefur hann fengist við kennslu í lögfræði í Háskólanum á Bifröst og víðar.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* hefur sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2009 og hafa aðalkennslugreinar hennar verið eignaréttur, mannréttindi, réttarfar og stjórnskipunarréttur. Frá 2017 hefur hún verið aðjúnkt við deildina. Jafnframt hefur hún leiðbeint nemendum við skrif BA-ritgerða, verið prófdómari við lagadeildina og lagadeild Háskólans í Reykjavík, auk þess sem hún hefur kennt lögfræði á ýmsum námskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands og dómstólasýslunnar.

*Hildur Briem* sinnti á árunum 2006-2010 stundakennslu í stjórn-sýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands.

*Jónas Friðrik Jónsson* sinnti á árunum 2004-2018 stundakennslu við viðskipta- deild Háskólans í Reykjavík, þ. á m. á námskeiði í viðskiptalögfræði (á ensku „Business Law“) fyrir nemendur í meistaranámi. Jafnframt hefur hann leiðbeint nemendum í lagadeild skólans við skrif BA-ritgerða og meistararitgerða.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* hefur sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2003 og hafa kennslugreinar hans þar verið stjórn-sýsluréttur, starfs- mannaréttur og alþjóðlegur skattaréttur. Jafnframt fékkst hann við stundakennslu í ýmsum greinum lögfræði við Háskólann á Bifröst 2005-2009. Árið 2015 varð hann, samhliða öðrum störfum, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík þar til hann, ári síðar, hlaut framgang í starf dósents við deildina sem hann gegndi til 2018.

Auk þessa hefur hann kennt lögfræði á ýmsum námskeiðum, m.a. hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

*Kristinn Halldórsson* hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

*Ragnheiður Snorradóttir* sinnti stundakennslu í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst á árunum 2005-2010. Þá hefur hún verið stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands, áður 2009-2013 og síðar fyrr á þessu ári. Jafnframt hefur hún frá 2017 annast stundakennslu við sömu deild í nokkrum þáttum réttarfars.

#### 5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Kjartan Bjarni* fremstur umsækjenda á því sviði, sem hér um ræðir. Næst honum koma jafnt sett *Arnaldur* og *Ásgerður*, þá *Jónas Friðrik*, síðan *Ragnheiður* og loks *Hildur*. Sem fyrr segir hefur *Kristinn* ekki fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

#### 5.6.2. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl.

*Arnaldur Hjartarson* hefur samið ritrýnt rit, „Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt“ þar sem fjallað er um reglur Evrópuréttar um bankastarfsemi og helstu áhrif þeirra á íslenskan rétt fyrir tilstuðlan EES-samningsins. Einnig hefur hann ritað átta fræðigreinar og þrjá bókarkafla, ýmist einn eða með öðrum, og eru tíu af þessum fræðiskrifum ritrýnd. eru fræðiskrifin einkum á sviði fjármálaréttar og ESB/EES-réttar auk stjórnsýsluréttar, réttarfars, mannréttinda og réttarhagfræði. Þá hefur hann ritað fræðilega álitargerð og haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri, hér innan lands sem erlendis. Hann var fræðilegur ritstjóri *Fons juris* 2017-2019.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* hefur samið ritrýnt rit ásamt meðhöfundum, „Eignarnám“ þar sem fjallað er um eignarnám með heildstæðum hætti. Einnig hefur hún ritað fimm fræðigreinar ásamt öðrum og tvo bókarkafla, sem eru ritrýnd. Þá hefur hún ritað tvær óritrýndar fræðigreinar en önnur þeirra er rituð með öðrum. eru þessi fræðiskrif einkum á sviði sviði eignarréttar auk umhverfisréttar og réttarfars. Jafnframt hefur



hún ritað fræðilega álitserð og haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi.

*Hildur Briem* hefur haldið tvö fræðierindi um sakamálaréttarfar á opinberum vettvangi.

*Jónas Friðrik Jónsson* hefur hefur ritað tvær fræðigreinar um lögfræðileg efni á sviði fjármálaréttar og refsiréttar og er hvorug þeirra ritrýnd. Þá hefur hann ásamt öðrum samið fræðilega skýrslu. Þá hefur hann haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* hefur ásamt tveimur meðhöfundum samið kennslurit um endurskoðun stjórnvaldsákvæðana. Einnig hefur hann ritað átta fræðigreinar og þrjá bókarkafla, einkum á sviði stjórnsýslu- og upplýsingaréttar, mannréttinda og EES-réttar, og eru níu af þessum fræðiskrifum ritrýnd. Þá hefur hann ritað allnokkrar fræðilegar álitserðir og skýrslur. Hefur hann haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri, innan lands sem erlendis.

*Kristinn Halldórsson* hélt á árunum 2004 og 2005 fyrirlestra um aðilaskipti að kröfuréttindum við Háskólann á Bifröst.

*Ragnheiður Snorradóttir* hefur samið ritrýnt rit ásamt meðhöfundi, „Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur“, þar sem fjallað er um þær reglur sem gilda um slíka samninga og aðrar skattareglur í Evrópu. Ritið hefur verið endurútgefið og uppfært undir nýju heiti, „Alþjóðlegur skattaréttur“, og jafnframt hefur þriðji höfundurinn bæst við. Í ritinu er lýst reglum um tvísköttunarsamninga, evrópskum skattareglum og reglum um gagnkvæm upplýsingaskipti í skattamálum. Þá hefur hún ritað fjórar fræðigreinar um lögfræði, nánar tiltekið á sviði skattaréttar, þar af tvær ásamt meðhöfundi, og eru þrjár þeirra ritrýndar.

#### 5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda, fyrst og fremst á grundvelli ólíkra ritverka sem eru annars vegar fræðirit og í einu tilviki kennslurit og hins vegar fræðigreinar og bókarkaflar um lögfræðileg efni. Eðli máls samkvæmt vega fræðiritin mun þyngra en önnur fræðiskrif. Þá er tekið tillit til þess hvort efnið er ritrýnt, en þess ber þó að gæta í því sambandi að sjaldnar tíðkaðist á árum áður að ritrýna greinar sem

birtust í hérlendum tímaritum. Við matið er litið til gæða fræðiskrifa og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni þeirra, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi, svo og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó tiltölulega léttvægir í samanburði við fræðiskrifin.

Að öllu þessu virtu standa *Arnaldur*, *Ásgerður* og *Kjartan Bjarni* fremst umsækjenda í þessum þætti mats og verður ekki gert upp á milli framlaga þeirra á þessu sviði. Næst þeim kemur *Ragnheiður*, þá *Jónas Friðrik* og síðan jafnt sett *Hildur* og *Kristinn*.

#### 5.7. *Reynsla af stjórnun*

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir stjórnunarstörfum umsækjenda, enda hafi falist í þeim að stýra eða taka þátt í stjórnun stofnanna eða fyrirtækja ellegar sjálfstætt afmörkuðum einingum innan þeirra með ótvíræðum mannaforráðum. Hér undir fellur einnig formennska í stjórnnum og nefndum.

*Arnaldur Hjartarson* var formaður kærunefndar jafnréttismála á árunum 2018-2021.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* var einn af meðeigendum og kom að stjórnun á einni af stærstu lögmannsstofum landsins á árunum 2012-2018. Hún var formaður kærunefndar útboðsmála 2019-2021. Þá hefur hún frá árinu 2021 verið forseti Félagsdóms.

*Hildur Briem* var dómstjóri Héraðsdóms Austurlands á árunum 2011-2017.

*Jónas Friðrik Jónsson* var aðstoðarframkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands á árunum 1996-1998. Hann gegndi starfi framkvæmdastjóra eins af sviðum Eftirlitsstofnunar EFTA 2000-2005 og var forstjóri Fjármálaeftirlitsins 2005-2009. Hann var formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2013-2016. Þá hefur hann rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 2010 og verið um nokkurra ára skeið stjórnarformaður tveggja einkahlutafélaga.

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* var aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis á árunum 2006-2009 þar sem hann stýrði daglegum rekstri embættisins ásamt

umboðsmanni. Síðan var hann settur umboðsmaður 2020-2021. Eins og áður greinir hefur hann verið formaður rannsóknarnefndar á vegum Alþingis og gegndi einnig formennsku í sjálfstæðrar úttektarnefnd á vegum Íþróttasambands Íslands á árinu 2021. Þá hefur hann verið formaður Dómarafélags Íslands frá 2019.

*Kristinn Halldórsson* var þrívegis settur dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Vestfjarða á árunum 2005-2007. Hann gegndi síðan starfi dómstjóra við síðarnefnda dómstólinn 2007-2013. Frá árinu 2020 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness.

*Ragnheiður Snorradóttir* var settur skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu um skeið á árinu 2007 og gegndi formennsku í fjölmörgum nefndum meðan hún starfaði hjá ráðuneytinu 1994-2007, þ. á m. í prófnefnd um viðurkennda bókara 1998-2002. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011-2013.

#### 5.7.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þá fyrst og fremst hversu góðan undirbúning þau veita til að inna af hendi þau stjórnunarstörf sem kynnu að koma í hlut dómara við Landsrétt. Sömuleiðis hve lengi umsækjendur hafa sinnt þessum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fylgja.

Að þessu virtu stendur *Kristinn* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og vegur þar þyngst að hann hefur í liðlega eitt og hálf ár gegnt störfum dómstjóra við næst stærsta héraðsdómstól landsins, en hafði áður verið dómstjóri við tvo af smærri dómstólunum í tæp sjö ár. Næstur honum kemur *Jónas Friðrik*, þá *Hildur* og síðan *Kjartan Bjarni*. Þar á eftir fylgir *Ásgerður*, þá *Ragnheiður* og loks *Arnaldur*.

#### 5.8. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, þ. á m. ýmis félagsstörf, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

*Arnaldur Hjartarson* var árið 2008 skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að semja frumvarp til breytinga á einum kafla umferðarlaga og 2014 af atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra í nefnd til að endurskoða lög um verslunaratvinnu og semja frumvarp til breytinga á þeim. Þá var hann 2015 skipaður af stjórnarskrárnefnd í hóp sérfræðinga til að semja tillögu að afmarkaðri breytingu á stjórnarskránni. Ennfremur situr hann í stjórn Réttarhagfræðifélags Íslands og hefur átt sæti í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2021.

*Ásgerður Ragnarsdóttir* kom að undirbúningi lagasetningar meðan hún starfaði hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hún var ritari nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem forsætisráðherra skipaði árið 2004, svo og ritari refsiréttarnefndar 2006-2007.

*Hildur Briem* sat í stjórn Dómarafélags Íslands á árunum 2013-2017. Þá hefur hún frá 2019 átt sæti í stjórn stofnunar sem sér um endurmenntun dómara á Norðurlöndum.

*Jónas Friðrik Jónsson* starfaði sem lögfræðingur hjá Verslunarráði Íslands á árunum 1991-1998, þar af sem aðstoðarframkvæmdastjóri frá 1996 eins og fram kemur í kafla 5.7. Þá sat hann í nefndum, sem sömdu frumvörp til laga um breytingar á lögum um neytendalán (samþykkt sem lög 1994) og lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa (samþykkt sem lög 2008), svo og nefnd sem samdi frumvarp til laga um námslán og námsstyrki (lagt fyrir Alþingi 2016).

*Kjartan Bjarni Björgvinsson* hefur veitt aðstoð við samningu nokkurra lagafrumvarpa, þ. á m. tekið saman álitsgerðir í því skyni. Hann átti sæti í stjórn Dómarafélags Íslands á árunum 2017-2019 áður en hann tók við formennsku í félaginu. Þá hefur hann frá 2019 setið í stjórn Lögfræðingafélags Íslands og frá sama tíma verið framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga.

*Kristinn Halldórsson* sat í göngunefnd Skíðafélags Ísfirðinga á árunum 2008-2013 og var formaður hennar í tvö ár.

*Ragnheiður Snorradóttir* kom að samningu fjölmargra lagafrumvarpa meðan hún starfaði í fjármálaráðuneytinu, þ. á m. var hún formaður nefnda og átti sæti í enn fleiri nefndum sem höfðu slík verkefni með höndum, einnig fyrir önnur ráðuneyti.

Síðar samdi hún ásamt öðrum frumvarp til laga um gjalddöku í ferðaþjónustunni. Þá sat hún í Norræna skattrannsóknaráðinu á árunum 1999-2007.

#### *5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnslustörfum eða stjórnun. Þau störf, sem vega þyngst, eru þau sem umsækjandi hefur gegnt að aðal- eða hlutastarfi, auk þess sem máli skiptir hvort annað, sem hér fellur undir, hefur verið innt af hendi sem þáttur í slíku starfi. Ef umsækjandi hefur t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla undir þennan þátt, stendur *Jónas Friðrik* fremstur umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst vegna starfa sinna sem lögfræðingur Verslunarráðs Íslands á sínum tíma. Næstur honum kemur *Kjartan Bjarni*, þá *Ragnheiður* og síðan *Ásgerður*. Þar á eftir fylgir *Arnaldur*, þá *Hildur* og loks *Kristinn*.

#### *5.9. Sérstök starfshæfni*

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

#### *5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu*

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir fyrst og fremst máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum. Ennfremur er litið til þess hvert sé framlag umsækjenda í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma

hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði, en þau framlög verða að vera veruleg svo að þau komi til álita í þessum matsþætti.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum að þeir geti sinnt störfum dómara við Landsrétt. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Kristinn* standi fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en hann hefur öðlast mesta reynslu þeirra af meðferð dómsmála, jafnt einkamála sem sakamála, í störfum sínum sem aðstoðarmaður dómara og héraðsdómari í meira en tvo áratugi, auk þess sem hann hefur sem varadómari fengist við meðferð og úrlausn nokkurra mála fyrir Landsrétti þar sem hann er nú settur dómari. Næst honum koma *Ásgerður* og *Hildur*, en ekki verður gert gert upp á milli þeirra þegar litið er til reynslu hvorrar um sig af dóm- og málflytningisstörfum í ljósi þeirra sjónarmiða sem vísað er til að framan. Þar á fylgja jafnt sett *Arnaldur*, *Kjartan Bjarni* og *Ragnheiður* og loks *Jónas Friðrik* sem hefur minnsta reynslu umsækjenda af dómstörfum og málflytningi sé hún virt heildstætt.

*5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

## **6. Færni umsækjenda til að semja dóma**

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann

um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og málflutnings-skjöl á borð við greinargerðir geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandinn á eða eftir atvikum ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Síðan þessir dómar féllu hefur nefndin lagt æ meiri áherslu á það sjónarmið í mati sínu á hæfni umsækjenda að horfa ekki aðeins til lögfræðilegrar þekkingar þeirra og starfsreynslu, heldur ekki síður til færni þeirra til að nýta þá þekkingu og reynslu við úrlausn dómsmála.

Í því skyni valdi dómnefnd til skoðunar tólf dómsúrlausnir hjá hverjum þeirra sex umsækjenda, sem hafa gegnt embætti héraðsdómara í mislangan tíma, sbr. kafla 5.3. Fyrir valinu urðu þeir dómar eða úrskurðir í málum, sem leyst hefur verið úr af Hæstarétti eða Landsrétti á síðustu árum, þó þannig að eingöngu var um að ræða þá sem umsækjendurnir höfðu samið eða gert drög að sem dómarar í fjölskipuðum dómi. Við valið var horft framhjá úrlausnum í einföldustu málum, auk þess sem leitast var við að hafa málin sem fjölbreyttust hjá hverjum umsækjanda um sig þannig að við úrlausn þeirra hafi reynt á færni hans til að beita kunnáttu á sem flestum réttarsviðum. Í kjölfarið var lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjanda á þessu sviði á grundvelli þess hvernig dómar hans og úrskurðir væru úr garði gerðir, einkum hversu vel þeir væru rökstuddir, m.a. með hliðsjón af úrlausn sakarefnisins á æðri dómstigum. Jafnframt var gengið úr skugga um, m.a. með því að fara lauslega yfir aðrar úrlausnir umsækjendanna sex, sem endurskoðaðar voru af Hæstarétti og/eða Landsrétti hin síðustu ár, að úrtakið hjá hverjum og einum væri gróflega í samræmi

við úrlausnir hans sem dómara á þeim tíma. Á sama hátt voru teknar til skoðunar sex greinargerðir sjöunda umsækjandans, sem hann hefur samið og lagðar hafa verið fram í málum er hann hefur flutt fyrir Hæstarétti eða Landsrétti frá því að hann fékk réttindi til málflyttings fyrir æðri dómi og leyst hefur verið úr þar, og dregin af þeim ályktun um færni hans til að semja dóma ef til kæmi.

Við framangreint mat var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina málin sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytileg lögfræðileg úrlausnarefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Ásgerður Ragnarsdóttir* og *Kristinn Halldórsson* hafi með dómsúrlausnum sínum, sem teknar voru til skoðunar, sýnt mesta færni umsækjendanna sjö til að semja dóma. Að áliti nefndarinnar er það almennt einkenni þeirra dóma *Ásgerðar*, sem hér um ræðir og fjalla um einkamál af mismunandi réttarsviðum, að uppbygging þeirra er góð, þeir eru ritaðir á góðu máli og bera vott um öguð og vönduð vinnubrögð. Rökstuðningur fyrir þeim niðurstöðum, sem komist er að, er yfirleitt ítarlegur og oftast en ekki er vitnað til dómafordæma æðri réttar niðurstöðunni til stuðnings. Að mati nefndarinnar eru þeir dómur og úrskurðir *Kristins*, sem um ræðir og fjalla ýmist um einkamál eða sakamál af ólíkum toga, flestir vel upp byggðir, ritaðir á góðu máli og bera vott öguðum og vönduðum vinnubrögðum. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu er oftast nær ítarlegur og dómsúrlausnir hans bera þess merki að þar fer dómari með langa starfsreynslu og mikla þjálfun í samningu dóma. Næstir þeim *Ásgerði* og *Kristni* í þessum þætti mats koma að áliti nefndarinnar *Arnaldur Hjartarson* og *Kjartan Bjarni Björgvinsson*, en sá síðarnefndi hefur sýnt með úrlausnum sínum, sem teknar voru til skoðunar, að hann leysir gjarnan vel sem dómari úr óvenju flóknum sakarefnum. Þessir fjórir standa framar öðrum umsækjendum að því er varðar færni til að semja dóma.



## 7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti landsréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnslustörfum vega þungt og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það álit dómnefndar að umsækjendur hafi allir öðlast þá lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera, og séu vel hæfir til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild á framangreindan hátt er það útkoman að *Kjartan Bjarni Björgvinsson* og *Ragnheiður Snorradóttir* standa þar fremst umsækjenda og á hæla þeim kemur *Ásgerður Ragnarsdóttir*, en óverulegur munur er á milli þeirra þriggja. Sé tekið tillit til þess að *Kristinn Halldórsson* hefur verið aðstoðarmaður dómara og síðar dómari og dómstjóri að aðalstarfi nánast allan sinn

starfsferil og því hvorki sinnt lögmanns- eða málflutningsstörfum né stjórnslu-  
störfum að neinu ráði þótt hann hafi fengist við úrlausn fjölbreytilegra dómsmála er  
það niðurstaða dómnefndar að hann standi jafnfætis hinum þremur þegar borin er  
saman hæfni umsækjenda í þessum hluta mats.

Þrátt fyrir það, sem nú hefur verið sagt, ber við heildarmat á hæfni umsækjenda  
að horfa til þess að Landsréttur er áfrýjunardómstóll sem hefur það hlutverk að leysa  
á öðru dómstigi úr einkamálum jafnt sem sakamálum af margbreytilegum toga.  
Vegna þessarar stöðu Landsréttar lítur dómnefnd svo á að sum störf, sem  
umsækjendur hafa fengist við, veiti enn betri undirbúning en önnur til að takast á við  
þau verkefni sem bíða dómara við réttinn.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla 6 er það álit dómnefndar að *Ásgerður  
Ragnarsdóttir* og *Kristinn Halldórsson* hafi með dómsúrlausnum sínum, sem teknar  
voru til skoðunar, sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma. Næstir þeim í  
þessum hluta mats komi *Arnaldur Hjartarson* og *Kjartan Bjarni Björgvinsson*.

Að öllu framansögðu virtu lítur dómnefnd svo á að þrír umsækjendur standi  
öðrum framur þegar lagt er heildarmat á hæfni umsækjenda: *Ásgerður* sem auk  
dómstarfa hefur m.a. á starfsferli sínum flutt mál fyrir Hæstarétti, sem mörg hver voru  
flókin úrlausnar, *Kjartan Bjarni* sem auk dómstarfa hefur m.a. verið settur  
umboðsmaður Alþingis og gegnt formennsku í rannsóknarnefnd Alþingis, sem hafði  
með höndum rannsókn á vandasömu máli, og *Kristinn* sem á að baki langan og  
farsælan starfsferil sem héraðsdómari og dómstjóri. Þegar við bætist að sá síðastnefndi  
hefur mikla reynslu af því að leysa úr einkamálum jafnt sem sakamálum er það  
niðurstaða nefndarinnar að hann sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti  
dómara við Landsrétt.

Kristinn Halldórsson lauk embættisprófi í lögfræði árið 1997. Að loknu  
lagaprófi var hann um liðlega tveggja ára skeið fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi  
uns hann var ráðinn aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Því  
starfi gegndi hann á árunum 1999-2004 og síðan starfi aðstoðarmanns dómara við  
Héraðsdóm Vesturlands 2004-2007. Á meðan hann var aðstoðarmaður var hann  
nokkrum sinnum settur héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra og  
héraðsdómari og dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Vestfjarða.

Árið 2007 var hann skipaður héraðsdómari og jafnframt dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða og gegndi því embætti til 2013 þegar hann varð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Haustið 2020 var hann skipaður dómstjóri þess dómstóls. Á starfsferli sínum sem héraðsdómari hefur hann fengist jöfnum höndum við úrlausn einkamála og sakamála. Þá hefur hann fjórum sinnum tekið sæti í Landsrétti sem varadómari við úrlausn einstakra mála þar fyrir dómi og er nú settur dómari við réttinn.

### Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Kristinn Halldórsson sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 11. mars 2022.

Reykjavík, 27. maí 2022

Eiríkur Tómasson

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Kristín Benediktsdóttir

Óskar Sigurðsson

Þorgeir Örlygsson